



10. mars 2021  
Tilv.: 2102213

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um gjaldeyrismál, 537. mál

Með tölvupósti dags. 24. febrúar sl. óskaði efnahags- og viðskipta-  
nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga  
um gjaldeyrismál, 537. mál.

Fulltrúar Seðlabankans tóku þátt í samningu frumvarpsins sem hér um  
ræðir.

Seðlabankinn telur endurskoðun laga um gjaldeyrismál og brottfall  
laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum  
mjög tímabæra. Tæp fjögur ár eru frá því að fjármagnshöft á heimili  
og fyrirtæki voru afnumin og tæp tvö ár eru frá því að aflandskrónu-  
eigendum var gert kleift að losa stöður sínar að fullu með lögum nr.  
14/2019. Ef frá er talið fullt afnám laga um meðferð krónueigna sem  
háðar eru sérstökum takmörkunum felur frumvarpið þó ekki í sér  
meiriháttar efnisbreytingar á gildandi rétti á sviði gjaldeyrismála. Eftir  
sem áður mun frumvarpið, verði það að lögum, leiða til umtalsverðrar  
einföldunar á regluverkinu, gera það skýrara og aðgengilegra, ásamt  
því að létta á tilkynningarskyldu almennings, fyrirtækja og erlendra  
fjárfesta gagnvart Seðlabankanum. Um leið verður tryggt að Seðla-  
bankinn hafi tiltæk nauðsynleg úrræði til þess að verja efnahagslegan  
stöðugleika eða fjármálastöðugleika gerist þess þörf.

Seðlabanki Íslands telur mjög mikilvægt að frumvarpið nái fram að  
ganga og mælir því eindregið með samþykkt þess.

Virðingarfyllst  
SEDLABANKI ÍSLANDS

Asgeir Jónsson  
seðlabankastjóri